



2 Ef setja skal kaflaheiti í haus eða fót

Ef setja þarf atriði eins og kaflaheiti í haus eða fót þá þarftu að skipta skjalinu í hluta með því að nota **Section Break**.

Með því að skipta upp skjalinu í hluta (*e. section*) getur þú tekið kaflaheiti í hverjum hluta fyrir sig og látið það birtast sjálfkrafa í haus eða fót.

Skilyrði þess að þú getir gert þetta er að þú notir tiltekinn stíl (*e. styles*) fyrir þann texta sem er kaflaheitið. Þú getur t.d. notað stílinn Heading 1 eða einhvern svipaðan, getur semsagt hvort sem er búið til eigin stíl eða notað einhvern af þeim sem fyrir eru.

2.1 Hvernig gerir þú



1. Á undan hverjum kaflaskilum setur þú inn Section Break.

Af borðanum Page Layout velur þú Breaks og þar Next Page.


2. Því næst ferðu í hausinn (*e. header*) eða fótinn (*e. footer*) þar sem þú vilt að kaflafyrirsögnin þín sé notuð.

Til að komast í haus eða fót þá getur þú tvísmellt með músinni efst eða neðst á síðu. Þú getur einnig valið af Insert-borðanum, Header og svo valið Edit Header (eða Footer ef það á við) sem er að finna neðarlega á valblaðinu sem birtist undir Header.


3. Þú smellir á hnappinn Quick parts á Insert borðanum og velur þar Field:



- Í Field glugganum velur þú StyleRef og þá getur þú valið þann stíl sem þú notaðir til að setja kaflafyrirsagnir í.



- Nú ætti kaflaheitið að hafa skilað sér í haus:



Athugaðu að þú þarft síðan alltaf að **velja Section Break** þegar þú vilt að nýtt kaflaheiti birtist í haus.

Athugaðu að þú getur haft **bæði yfirkafla- og undirkaflaheiti** með þessum hætti. Þú þarft einungis að endurtaka þetta, hafa tvö „Field“ í haus eða fæti.



Sjá meiri skyndihjálp á Netinu: www.jonfreyr.com/skyndihjalp